**Sþ.** **298. Breytingartillögur**

við till. til þál. um athugun á leiðinni um Holtamannaafrétt og Sprengisand.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Tillgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvaða vegaframkvæmdir og brúargerðir eru mest aðkallandi í landinu, með tilliti til sölu landbúnaðarafurða og fullnægingar á mjólkurþörf bæja og þorpa og annarra viðskipta landsmanna, svo og með tilliti til nauðsynlegra póstsamgangna og fólksflutninga um landið. Skal leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi niðurstöðu þeirrar athugunar.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:

   Till. til þál. um athugun á nauðsynlegum vega- og brúaframkvæmdum.